

13. nóvember 2012

Alþingi
Erindi nr. P 141/471
komudagur 13.11.2012

Ágæti viðtakandi.

Visa til fyrri umsagna BÍ.

<http://www.althingi.is/pdf/umsogn.php4?lthing=139&malnr=393&dbnr=1758&nefnd=es>
<http://www.althingi.is/pdf/umsogn.php4?lthing=140&malnr=32&dbnr=71&nefnd=ev>

Með kveðju;
Elias Blöndal Guðjónsson
Lögfræðingur / Lawyer
Félagssvið / Social Department
Sími / Tel: + 354 563 0387
Gsm / Mobile: + 354 692 3554
Netfang / Email: elias@bondi.is



Farmers Association of Iceland
www.bondi.is | www.bbi.is


[Skilmálar / Disclaimer](#)

BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS

Alþingi

Erindi nr. P 140/71

komudagur 10.11.2011



Nefndarsvið Alþingis
Sigrún Helga Sigurjónsdóttir,
ritari

Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK



Reykjavík, 8. nóvember 2011
EBG/hó

Efni. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, ur. 50/1988, á 140.
löggjafarþingi, þskj. 32 - 32. mál
Tilv. 2011110002

Frumvarpið barst Bændasamtökum Íslands með tölvubréfi frá nefndarsviði Alþingis, dags. 8. nóvember 2011.

Frumvarpið var flutt á 139. löggjafarþingi (þskj. 601 - 393. mál). Málið var þá ekki afgreitt úr efnahags- og skattanefnd að lokinni 1. umræðu. Bændasamtök Íslands vísa í umsögn sína um framangreint þingmál, dags. 16. mars 2011 (tilvísun Alþingis P 139/1758).

Virðingarfyllst
f.h. Bændasamtaka Íslands


Elías Blöndal Guðjónsson
lögfræðingur

BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS

Alþingi

Erindi nr. P 139/1758

komudagur 18.3.2011



Nefndarsvið Alþingis
Kristjana Benediktsdóttir
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 16. mars 2011
EBG/hó

AFRIT

Efni. Umsögn um frumvarp til laga um bretingu á lögum um virðisaukaskatt, nr, 50/1988, með síðari breytingum, 139. löggjafarþingi, þskj. 601 – 393. mál
Tilv. 2011030004

Frumvarpið barst Bændasamtökum Íslands til umsagnar með tölvubréfi frá nefndarsviði Alþingis, dags. 2. mars 2011.

Bændasamtök Íslands mæla eindregið með samþykkt frumvarpsins.

Virðingarfyllt

f.h. Bændasamtaka Íslands

Elías Blöndal Guðjónsson, lögfræðingur

Umsögn um þingmál

Neskaupstað 28.10.2012

141. löggjafarþing 2012–2013.
Þingskjal 60 — 60. mál.

Frá Hjálmari Jóhannessyni 070445-4339 og Jeff Clemmensen 010466-2029 í Neskaupstað

Undirritaðir eru sammála þeirri þingsályktunartillögu að fella niður VSK-inn á varmadælum sem notaðar eru til húshitunar. Við viljum fyrst telja fram þann sparnað sem við höfum haft af notkun varmadæla undanfarin ár.

1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Heimilt er að endurgreiða virðisaukaskatt vegna kaupa á varmadælu og tengdum búnaði til húshitunar.

Athugasemd undirritaðra:

Við viljum gera þá athugasemd að tollverðir virðast ekki vera sammála um það hvort það eigi að reikna vörugjald á þessari vöru og reikna sumir 20% vörugjald á hana. Helgast það af því að þeir telja þetta vera ísskáp og þar með telja þeir að það eigi að vera 20% vörugjald á þessari vöru. Það er ekki um það að ræða að við notum þetta sem ísskáp heldur notum við þetta sem *kynditæki*. Velflestir tollverðir vita þetta þó og gera þetta rétt.

Til samanburðar getum við skoðað tæki eins og olíukyndingu en þar ber blásarinn sem notaður er til að blása inn olíunni ekki tolla eða vörugjöld. Sama á við um rafmagnstúbur, þær bera ekki heldur þessi gjöld.

Við viljum hér með að það sé undirstrikað að þessar varmadælur séu *kynditæki* og að þær beri ekki toll, nema þar sem það á við, vörugjöld eða VSK-inn. Tollar eiga að vera á tækjum sem fengin eru utan Evrópusambandsins eins og lög gera ráð fyrir.

Við lítum svo á að menn hiki við að kaupa þessi tæki vegna þessara álaga og á köldum svæðum þar sem við borgum a.m.k. 1,5 sinnum meira í kyndikostnað, miðað við Reykjavík, þá skipti þetta miklu máli og styður ekki að jafnvægi í byggð landsins. Þetta er því mikið byggðamál.

Varmadælur eru af mismunandi gerðum og viljum við telja þær upp lauslega hér á eftir:

1. Frá lofti í loft þar sem varminn er sóttur í andrúmsloftið og dælt inn í húsið.
2. Frá lofti í vatn þar sem varminn er sóttur í andrúmsloftið en settur síðan inn á vatnsosna og/eða gólfhitakerfi í gegnum vatnshitakerfi hússins sem þá er fyrirbyggjandi.
3. Frá lofti í jörð til vatns, þar er varminn sóttur í andrúmsloftið en um leið er fengin varmi úr jörðinni og síðan sett inn á vatnsosna og/eða gólfhitakerfi í gegnum vatnshitakerfi hússins.
4. Frá jarðvarma þar sem notaður er frostlögur til þess að sækja varmann niður í jarðgrunnið en síðan eru varmaskiptar notaðir til að setja varmann inn á varmadæluna sem dælir honum síðan um húsið.
5. Síðan er ein verðmætasta aðferðin að nota volgrur sem víða eru til og hita upp „condense-inn“ og bera burtu kuldann og hirða varman úr vatninu. Það má kalla það vatn í

vatn kerfi.

Viljum við benda á að þessa aðferð á vel við t.d. fyrir hin ýmsu bæjarfélög og eiga þau þá að nota sjóinn til þess að sækja varmann í hann og setja varmann síðan inn á stærri notendur svo sem fjarvarmaveitur. Hér í Neskaupstað er fjarvarmaveita fyrir hendi sem notuð er til að hita upp allt skólasamfélagið (Verkmenntaskólann, grunnskólann, leikskólann og heimavist VA.) Fjórðungssjúkrahúsið, Egilsbúð, og sundlaugina.

Það væri hægt að setja upp varmadælu sem myndi vera nægilega stór til að kynda upp stærstan hluta af bæjarfélag okkar og spara okkur um leið þann kostnað sem bæjarfélagið ber vegna þess að við þurfum að kaupa rafmagn til þess að hita upp vatnið til þessarar kyndingar. Þannig gætum við sparað bæjarfélaginu að mestu þann kostnað sem við berum af þeim kaupum og hefðum síðan rafmagnsketilinn sem varafl ef varmadælan hefði ekki undan á kaldasta tíma ársins.

Hjálmar Jóhannesson, 070445-4339

rafvirkjameistari

Urðarteigi 6, Neskaupstað

Ég var búinn frá 1980 að leita að varmadælu til húshitunar fyrir mig. Spurði m.a. byggingar-tæknifræðing hér fyrir austan, sem var lærður í Svíþjóð, hvers vegna þetta væri ekki upp á borðinu hjá okkur, hér á þessu kalda svæði þar sem það hlyti að vera kjörið. Hann yppti bara öxlum og sagði að hann skyldi það alls ekki.

Ég rakst síðan á umboðsaðila fyrir Fujitsu Artic Line sem kom hingað austur og ég verð að segja að ég féll alveg fyrir þeim dælum og lét setja hana upp hjá mér samdægurs fyrir 2 árum síðan. Heitir dælan að aukanafni „Artic Line“ og er framleidd fyrir norðlægar slóðir og er gerð til að hita hús allt niður í - 17°C í útihita en það er afar sjaldgæft að útihitastig fara svo langt niður hér fyrir austan þó það gerist einstaka sinnum.

Áður en ég setti þessa varmadælu upp þá eyddi ég um 42.000 kwst. á ári til upphitunar. Því miður þá var það að hluta til vegna þess að hjá mér voru gluggar orðnir óþéttir og ég var að kynda að óþörfu húsið hjá mér og jafnvel umhverfi þess líka.

En um leið og ég fékk styrk frá Orkustofnun til þess að setja upp varmadælu hjá mér þá fékk ég líka styrk til þess að skipta um gler í húsinu.

Við nánari athugun þá valdi ég að skipta út öllum gluggum í húsinu en Orkustofnun lagði mér til styrk vegna glerkaupanna.

Varmadælan hjá mér er loft í loft samkvæmt ofangreindu, og það hefur leitt til þess að ég hef sparað í kringum 50% orku frá Rafveitum ríkisins sem gerir það að verkum að þeir þurfa ekki að selja mér þá orku og geta notað hana til annarra hluta. Helgast þetta af því að ég nota varmadælu annars vegar en um leið þá skipti ég um glugga og gler í húsinu hins vegar.

Þegar við vorum að bera okkur saman hjá Orkustofnun um það hve mikið ég ætlaði að spara, vegna þess að það veltur á því hve mikið þeir styrkja okkur, sem erum að setja upp varmadælur, þá vildi ég vera ofan á og valdi að segja að ég ætlaði að spara 40% af þeirri notkun sem líklegt var að ég hefði eytt, ef ég hefði haldið áfram að kynda eins og áður. Þetta var áður en ég skipti um gler í gluggum.

Það varð síðan að samkomulagi hjá okkur að ég fór að kynda og Orkustofnun borgað mér samkvæmt því 40% af áætlaðri notkun 5 ár aftur í tímann og 3 ár fram í tímann eða um

320.000 kr. en ég þurfti að greiða um 180.000 kr.

S.l. vor þegar Rafveitan var að lesa af hjá mér þá fékk ég endurgreiddar 8.000 kr. og einn mánuð til viðbótar sem ég hafði þá sparað meira en ég hafði áætlað. Verður það að teljast ágætt.

Til viðbótar má geta þess að s.l. sumar þegar hitinn fór upp og yfir +25°C þá gat konan mín kælt niður húsið með þessari sömu dælu.

Jeff Clemmensen, 010466-2029

mjólkurtæknifræðingur

Starmýri 3, Neskaupstað.

Ég setti upp varmadælu Íspinninn í Neskaupatað. tegund :

Octopus Energy IS61/XP, Danmörk.

Ég ræsti þennan búnað 25-07-2012 Kl 15:41 og var það sögulegur atburður þar sem þessi tegund af varmadælu var í fyrsta sinn gangsett hér á landi.

Áður en ég setti upp þessa varmadælu þá eyddi ég um 40.000 kwst. til upphitunar húsnæðis míns við Starmýri 3.

Börnunum mínum fannst æði oft að það væri kalt í húsinu þó við værum að nota um 40,000 kwst. á ári við það að hita upp húsið.

Ég fór því að spá í hvernig ég gæti hitað húsið þannig að þeim fyndist ekki vera kalt og ég fann þá varmadælu frá mínu eigin heimalandi, Danmörku, en þar sem löng hefð er fyrir upphitun með varmadælum. Í Danmörku er slík orka græn þannig að það er afar umhverfisvænt að nota hana þar.

Ég valdi varmadælu sem notar útiloft sem hitamiðil en set það inn á vatnið í kyndingunni í húsinu. Auk þess nota ég jörðina til þess að sækja varma í hana. Útihlutinn er kallaður Íspinninn og virkar sem skraut við húsið.

Reynslan af notkun þessarar varmadælu er að ég nota nú aðeins um 50% þess hitakostnaðar sem áður var sem með tímanum mun spara mér peninga. Því miður er ég er aðeins búinn að nota þessa varmadælu síðan í júlí og þó að ég hafi sparað umtalsverða peninga nú þegar, þá verður veturinn að skera úr um það hve mikið ég mun spara á ársgrundvelli.

Vonum við að þessar línur skýri hagkvæmni þess að nota varmadælu á hinum köldu svæðum og viljum við allt til vinna að sem flestir kaupi og noti varmadælu á þeim. Um mjög auðugan garð er að gresja með tegundir og aðferðir eins og sést að ofan en við vonum að menn finni hver fyrir sig þá aðferð sem þeim hentar best.

Virðingarfyllst,

Hjálmar Jóhannesson

070445-4339

Jeff Clemmensen

010466-2029



Borgir Norðurslød
600 Akureyri
sif@os.is

Tel: +354 569 6085
Fax: +354 462 6082
www.orkusetur.is

Akureyri 31.10.12

Varmadætur og skattar

Umsögn um frumvarp til laga um virðisaukaskatt (endurgreiðsla skatts vegna kaupa á varmataekjum), 60. mál.

Varmadætur

Orka getur verið á mismunandi formi og sama orkumagn getur verið misverðmætt. Raforka er t.d. hágæðaorka og ein kWst af raforku því mun verðmætari en ein kWst af hita. Sem betur fer eiga Íslendingar jarðhitann, gríðarlega auðlind sem sér 90% landsmanna fyrir ódýrri og umhverfisvænni húshitun. Þau tíu prósent sem ekki hafa aðgang að jarðhita þurfa hinsvegar að notast við rafhitun sem er mun dýrari húshitunarkostur þó að ríkið niðurgreiði rafhitun að hluta.

Þrátt fyrir að hlutfallslega fáir íbúar búi við rafhitun þá er hún umfangsmikil og talsverður hluti af almennri raforkunotkun í landinu. Heildarraforkunotkun til húshitunar gæti verið í kringum 700 GWh. Líta má á þessar GWst sem vannýtta auðlind vegna þess að auðveldlega má draga úr þessari rafhitun með uppsetningu varmadæla.

Það er ekki skynsamleg orkunýting að nota hágæða raforku til að breyta í lágæða hitaorku og þar að auki er hitunarþörf íbúða mest þegar vatnsaflsvirkjanir hafa minnstu framleiðslugetuna. Hefðbundin varmadæla samanstendur af dælubúnaði og leiðslum sem mynda lokað gas/vökvakerfi. Allar varmadætur nota vinnslumiðil í lokuðu kerfi og nýta óreiðubreytingu þegar vinnslumiðillinn fer úr vökvafasa í gasfasa. Þannig er hægt að fá 2-5 kWst af hitaorku úr hverri kWst af raforku sem knýr dæluna á meðan bein rafhitun skilar aðeins einni kWst af hita fyrir hverja kWst raforku sem fer inn í húsið.

Með notkun varmadæla má því mæta sömu hitunarþörf með færri kWst af hágæða raforku. Afkastageta raforkukerfisins skerðist ekkert með uppsetningu varmadæla sem þýðir að þær kWst sem sparast má nota í aðra uppbyggingu eða til að mæta aukinni raforkuþörf til framtíðar. Með varmadælu er í raun verið að skila verðmætri raforku til baka inn í kerfið og því má segja varmadætur séu okkar smæstu virkjanir. Margt smátt gerir eitt stórt og með einföldun má segja að ef rafhitun yrði helminguð með uppsetningu varmadæla þá myndi losna um 350 GWst í raforkukerfinu sem samsvarar um 50 MW virkjun.

Varmadæluuppsetningar hafa tekið aðeins við sér með breytingum á lögum um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar 2009. Með breytingunum var opnað á möguleika ríkisins til að taka þátt í stofnkostnaði við umhverfisvæna orkuöflun sem dregur úr rafhitun eða olúkyndingu. Þannig greiðir ríkið fyrir sinn hluta af framreiknuðum sparnaði sem af framkvæmdinni hlýst. Endurgreiðsla á virðisaukaskatti vegna kaupa á varmadælum myndi auðvelda íbúum á köldum svæðum enn frekar kaup á slíkum búnaði og líklega verða til þess að íbúðareigendur myndu treysta sér í dýrari búnað sem gæfi öruggari sparnað.



Hagsmunaaðilar

Áhrif þess að endurgreiða virðisaukaskatt af varmadælum til íbúðareigenda á rafhituðum svæðum myndi einkum hafa áhrif á þrjá hagsmunaaðila; íbúðareigendur á köldum svæðum, ríkissjóð og orkufyrirtæki. Endurgreiðsla VSK myndi auka hagkvæmni varmadæluuppsetninga og flýta mjög sparnaði á raforkunotkun til hitunar sem svo aftur dregur verulega úr niðurgreiðsluþörf ríkissjóðs. Niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar af hálfu ríkisins eru umtalsverðar og nemur upphæðin árlega um eitt þúsund milljónum króna. Það er því sameiginlegt hagsmunamál ríkis og íbúa að ná niður kostnaði við rafhitun.

Tekjur ríkis af VSK á varmadæluþúnaði í íbúðarhúsi er hverfandi í dag enda er stofnkostnaður hágæða varmadæla með VSK oft með lengri endurgreiðslutíma en íbúðareigendur geta sætt sig við. Því verður ekki um eiginlegt tekjutap að ræða fyrir ríkissjóð ef umrætt frumvarp verður að lögum. Varmadælur eru sérhæfð tæki sem eru ekki í neinni samkeppni við annan þúnað og rafkyntar íbúðir eru innan við 10% af íbúðum á landinu. Það ætti því að vera mjög auðvelt að afmarka endurgreiðslu á VSK við slíkar íbúðir líkt og gert hefur verið vegna vinnu við endurbætur á íbúðarhúsnæði.

Endurgreiðsla VSK af varmadælum væri mikilvæg mótvægisáðgerð vegna síhækkandi upphitunarkostnaðar fólks á rafkyntum svæðum. Slík áðgerð væri verulega hvetjandi fyrir íbúa til að setja upp slíkan þúnað og draga þannig verulega úr raforkuþörf húsnæðis og þar með orkukostnaði. Þetta er líklega ein ódýrasta leiðin fyrir ríkissjóð til jöfnunar á húshitunarkostnaði heitra og kaldra svæða. Að ofangreindu má sjá að gild rök eru fyrir því að endurgreiða VSK af varmadælum enda lækka þær upphitunarkostnað íbúa á köldum svæðum og enn fremur lækka niðurgreiðsluþörf ríkissjóðs.

Uppsetning varmadælu leiðir til minni raforkunotkunar. Þó að væntanlegur sparnaður verði aðeins brotabrot af heildarraforkuframleiðslu landsins þá munu viðskiptavinir með nýja varmadælu kaupa færri kWst en áður. Hinsvegar verður að benda á þá staðreynd að raforka er verðmæt afurð og hver kWst sem sparast við rafhitun má selja í annað. Innleiðing varmadæluþýtingar yrði líklega ekki í neinum stökkum og félli líklega vel inn í áætlaða aukningu á raforkuþörf til almenningsnota samkvæmt raforkuspá. Þar er gert ráð fyrir aukningu í almennri notkun um 1000 GWst til 2030 (sjá mynd 1). Því er líklegt að spöruð kWst frá köldu svæði hliðrist einungis til í kerfinu og verði nýtt í nýbyggingu annarstaðar. Áhrif varmadæla á raforkufyrirtæki ættu að vera hverfandi og einungis er verið að nýta orkuauðlindir okkar betur.



Skattar og niðurgreiðslur

Áhrif varmadæluframkvæmda á ríkissjóð eru margslungin m.a. vegna þess að raforka til hitunar ber ekki sömu skattþrósentu og raforka til almennra nota þó að enginn eðlismunur sé á kílóvattstundinni sem slíkri. Hver kílóvattstund sem skilgreind er til almennrar notkunar ber 25,5% VSK auk orkuskatts upp á 0,12 kr/kWst. Hinsvegar ber hver kílóvattstund til rafhitunar aðeins 7% VSK. Að auki eru greiddar að jafnaði um 3 kr/kWst í niðurgreiðslur úr ríkissjóði vegna rafhitunar.

Í töflunni má sjá hvernig 200.000 kWst sem framleiddar eru í virkjun skapa mismunandi kostnað og tekjur fyrir ríkissjóð eftir því hvernig kílóvattstundirnar eru nýttar. Dæmið sýnir hvað gerist ef **5 íbúðarhús** með 40.000 kWst beina rafhitun setja upp varmadæluþúnað sem sparar að jafnaði 50%. Raforkan sem sparast, samtals 100.000 kWst, eru svo seldar annarstaðar í raforkukerfinu sem almenn notkun. Gert er ráð fyrir að innleiðing varmadæla dragi ekki meira úr raforkunotkun en sem nemur aukningu á raforkuþörf til almenningsnota samkvæmt spá Orkustofnunar. (sjá mynd 1)

5 íbúðarhús	Án varmadælu	Með varmadælu
Raforkuþörf	200.000 kWst	100.000 kWst
Niðurgreiðsla ríkis	620.000 kr	310.000 kr
Skatttekjur ríkis af hitun (7%)	94.640 kr	47.320 kr
Skatttekjur ríkis af sparaðri orku sem fer til annarra nota (25,5%)	0 kr	251.430 kr
Útgjöld ríkissjóðs að frádrögnum sköttum.	-525.360 kr.	-11.250 kr

Samantekt

Jákvæð áhrif varmadæla eru margþætt. Þær lækka kostnað við upphitun á köldum svæðum, þær minnka niðurgreiðsluþörf ríkissjóðs, uppsetning og þjónusta á varmadælum skapar atvinnu, og raforkusparnaðinn má svo nýta í enn frekari atvinnuuppbyggingu eða til að mæta aukinni framtíðar raforkuþörf almennings.


Áhrif frumvarps	Jákvæð	Hlutlaus	Neikvæð
Íbúar á köldum svæðum	X		
Ríkissjóður	X		
Orkufyrirtæki		X	

Færa má rök fyrir því að endurgreiðsla á VSK af varmadælum myndu leiða til:

- Fjölgunar varmadæla og aukinnar hagkvæmni af notkun þeirra.
- Jöfnunar á húshitunarkostnaði heitra og kaldra svæða
- Bættra búsetuskilyrða á köldum svæðum
- Minni útgjalda ríkissjóðs til niðurgreiðslna á húshitun
- Raforkusparnaðar sem nýta mætti í aðra uppbyggingu
- Hærri skatttekna af raforku sem nú fer í hitun



Mynd 1 (Raforkuspá fyrir almenna notkun, heimild Orkustofnunar)




Sigrður Friðleifsson
Framkvæmdastjóri Orkuseturs

7.11.2012

Kæri viðtakandi.

Vísað er til tölvupósts dags. 19.október 2012 þar sem óskað er eftir athugasemdum Orkuveitu Reykjavíkur um frumvarp til laga um virðisaukaskatt (endurgreiðsla skatts vegna kaupa á varmataækjum), 60.mál.

Orkuveitan sendir inn eina athugasemd skv. eftirfarandi:

Athugasemdir Orkuveitu Reykjavíkur við frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með síðari breytingum, þingskjal 60 – 60. mál.

Í 1. gr. er ákvæði um heimild til að endurgreiða virðisaukaskatt vegna kaupa á varmadælu og tengdum búnaði til húshitunar.

Orkuveitan gerir ekki athugasemd við endurgreiðslu virðisaukaskatts af varmadælu. Hins vegar gerir Orkuveitan athugasemd við opið orðalag í enda greinarinnar; „og tengdum búnaði til húshitunar.“ Ef skilningur ákvæðisins er að efni til húskerfis sem sett er upp til húshitunar bendir Orkuveitan á að það sé veruleg mismunun gagnvart þeim sem taka inn hitaveitu og þurfa að greiða fullan virðisaukaskatt af öllu efni til uppsetningar húskerfis. Það sem átt er við með húskerfi er stjórnbúnaður, lagnir og ofnar.

Kær kveðja,

Inga Dóra Hrólfsdóttir



RÍKISSKATTSTJÓRI

Alþingi
Erindi nr. P 141/231
komudagur 26.10.2012

Laugavegi 166 - 150 Reykjavík - Sími 563 1100
Fax 562 4440 - www.rsk.is - rsk@rsk.is

Alþingi, nefndarsvið
Kirkjustræti
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 25. október 2012 R2012100018
G-ums 06/12

Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt - 60. mál, þskj. 60.

Ríkisskattstjóri hefur þann 19. október 2012 móttengið tölvupóst þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um ofangreint þingmál.

Með frumvarpinu er lagt til að lögfest verði tímabundin heimild til að endurgreiða virðisaukaskatt vegna kaupa á varmadælu og tengdum búnaði til húshitunar. Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að frumvarpið hafi verið flutt á 139. og 140. löggjafarþingum en ekki hlotið afgreiðslu.

Með umsögn dagsettri 11. mars 2011 gerði ríkisskattstjóri athugasemdir við umrætt frumvarp sem flutt var á 139. löggjafarþingi og leyfir sér að áréttta það sem fram kemur í þeirri umsögn. Orðrétt segir þar:

„Í tilefni af þessu vill ríkisskattstjóri taka eftirfarandi fram að samkvæmt meginreglum virðisaukaskatts bera þeir aðilar sem ekki eru í virðisaukaskattsskyldri starfsemi þann virðisaukaskatt sem þeir greiða við kaup á vörum og þjónustu. Það er álit embættisins að forðast beri að fjölga endurgreiðslum til handa þeim sem standa utan virðisaukaskattskerfisins. Í fyrsta lagi auka þær flækjustig við framkvæmd virðisaukaskatts, en nóg er af þeim fyrir og jafnframt eykst hætta á misferlum. Í öðru lagi þá auka endurgreiðslur við álag á starfsfólk í skattkerfinu en hafa ber í huga að reglur um tímabundnar auknar endurgreiðslur á virðisaukaskatti vegna íbúðarhúsnæðis, sbr. og reglur um frádrátt frá tekjuskattstofni, hafa kostað miklar tilfærslur á starfsmönnum ríkisskattstjóra en afgreiddar hafa verið hátt í 15.000 umsóknir þegar umsögn þessi er rituð. Hafa ber í huga að virðisaukaskattskerfið er tekjuöflunarkerfi fyrir ríkissjóð en ekki tæki til jöfnunar á húshitunarkostnaði. Allar endurgreiðslur kalla á tilflutning á mannafla og dregur það úr tekjumöguleikum ríkissjóðs. Að mati ríkisskattstjóra er tilgangi frumvarpsins betur náð með beingreiðslum úr ríkissjóði.

Ef á hinn bóginn er vilji til að fara þá leið sem frumvarpið stefnir telur ríkisskattstjóri ástæðu til að gera nokkrar athugasemdir. Bendir ríkisskattstjóri á að afmörkunin á gildissviði frumvarpsins er ekki nægilega skýr. Af athugasemdum með 1. gr. frumvarpsins má ætla að endurgreiðslurnar eigi eingöngu að ná til hitunar íbúðarhúsnæðis en ekki atvinnuhúsnæðis. Það er hins vegar ekki tekið fram í ákvæðinu sjálfu. Þá mætti skoða þann möguleika að setja tiltekin fjárhæðarmörk. Ennfremur þykir ríkisskattstjóra ástæða til að benda á að upp kunna að koma álitaefni um það hvaða


búnaður eigi að falla undir endurgreiðsluheimildina, sbr. t.d. orðalagið „tengdum búnaði“. Ákvæði þetta er því of óljóst og getur kallað á matskenndar ákvarðanir.

Hvað gildistímann varðar, sbr. 2. gr. frumvarpsins, þá er það mat ríkisskattstjóra að taka megi skýrar fram að heimildinni sé eingöngu ætlað að taka til búnaðar sem keyptur er á gildistíma laganna enda gefi reikningur í bókhaldi slíkt til kynna.“

Umsögn þessi var áréttuð með bréfi til efnahags- og viðskiptanefndar þann 14. nóvember 2011 við meðferð frumvarpsins á 140. löggjafarþingi.

Að öðru leyti telur ríkisskattstjóri ekki ástæðu til að gera frekari athugasemdir við efni frumvarpsins.

Virðingarfyllst
f. h. ríkisskattstjóra


Ingvar J. Rögnvaldsson


Guðrún J. Jónsdóttir



*Innan Samorku starfa fráveitur, hitaveitur,
vatnsveitur, raforkuframleiðendur og flutnings-
og dreifingaraðilar raforku*

Nefndasvið Alþingis
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

19. október 2012

Umsögn um frv. um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1998, með síðari breytingum, 60. mál

Skv. frumvarpinu verður heimilað að endurgreiða virðisaukaskatt vegna kaupa á varmadælu og tengdum búnaði til húshitunar. Fram kemur í greinargerð með frumvarpinu að húshitunarkostnaður er gjarnan talsvert hærrí á þeim svæðum sem nýta raforku til kyndingar en þar sem jarðhitaveitu nýtur við. Rétt er þó að halda til haga að rafhitun húsa er engu að síður mun ódýrari kostur hérlendis en í helstu samanburðarlöndum.

Samorka styður að slík endurgreiðsla verði heimiluð, enda verði slík kaup og notkun á varmadælum talin hagkvæmari en rafhitun. Samtökin minna þó jafnframt á mikilvægi jarðhitaleitar og styrkveitinga til uppbyggingar nýrra hitaveitna, sem alla jafna hafa reynst vera þjóðhagslega arðbær ráðstöfun opinberra fjármuna. Að öðru leyti vísast til umsagna einstakra aðildarfyrirtækja Samorku.

Að öðru leyti vísast til umsagna einstakra aðildarfyrirtækja Samorku.

Virðingarfyllst,

Guðstaf Adolf Skúlason
aðstoðarframkvæmdastjóri



SAMTÖK SUNNLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi
Erindi nr. P 141/413
komudagur 8.11. 2012

Selfossi, 6. nóvember 2012
1202001SA PH

Alþingi Nefndasvið
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík


Efni: Umsögn SASS um frumvarp til laga um virðisaukaskatt (endurgreiðsla skatts vegna kaupa á varmatækjum), 60. mál

Á fundi stjórnar SASS, sem haldinn var 2. nóvember sl., var eftirfarandi umsögn samþykkt samþykkt um frumvarp til laga um virðisaukaskatt (endurgreiðsla skatts vegna kaupa á varmatækjum):

„Stjórn SASS hvetur til þess að frumvarpið verði samþykkt enda mun það leiða til lækkunar á orkukostnaði á köldum svæðum og hagkvæmrar og vistvænnar orkunýtingar. Ljóst er að stór svæði á Suður og Suðausturlandi hefðu hag af slíkri lagabreytingu.“

Umsögninni er hér með komið á framfæri.

Virðingarfyllst,
f.h. SASS


Þorvarður Hjaltason
framkvæmdastjóri

Varmavélar ehf.

Alþingi
Erindi nr. P 141/368
komudagur 6.11.2012

Skrifstofa alþingis, nefndasvið
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Umsögn v/ máls nr. 60 - um endurgreiðslu vsk. á varmadælur.

Undirritaður hefur áratuga reynslu af borunum eftir heitu og köldu vatni, og á síðari árum einnig af hönnun, smíði og uppsetningu varmadælna. Af fenginni reynslu get ég staðfest að í tilvikum standa þessi tæki jafnfætis **ódyrustu hitveitum** í þessu landi. Meðal annars er vísað í árangurinn sem náðist á Kirkjubóli í Hvítársíðu 2011. Að mínu mati er allra hagur að örva útbreiðslu og notkun þessa búnaðar. Endurgreiðsla vsk. er jákvæður hvati á þá myllu. Vísað er á www.varmavelar.is til frekari upplýsinga.

Fyrst af öllu verður þó að benda á nauðsyn þess að núverandi vörugjaldakerfi verði lagfært. Það getur varla talist eðlilegt að stofnanir ríkisins vinni með þeim hætti að önnur innheimti vörugjöld af þessum búnaði en hin stofnunin styrki kaupanda tækisins. Það nær heldur ekki nokkurri átt að eitt tiltekið heimili þurfi að greiða 20% vörugjald á varmadæluna sína, en tvær eða þrjár íbúðir sem kaupa stærra tæki saman sleppi við vörugjaldið eftir því hvort viðkomandi varmadæla er minni eða stærri en 20 KW.

Áhrifin af aukinni útbreiðslu varmadælna yrðu margvísleg og jákvæð, t.d.:

- Kyndikostnaður á köldum svæðum lækkar umtalsvert.
- Arðbær atvinna skapast fyrir allmargar hendur við hönnun og uppsetningu.
- Raforkukerfið nýtur góðs af og veruleg raforka fellur til án virkjunar.
- Olíukyndingum mun vonandi fækka og helst hverfa með öllu.
- Niðurgreiðslur vegna húshitunar munu minnka verulega.

Endurgreiðslukerfið er þegar til og þrautprófað, sbr endurgreiðslu vsk. af viðhaldi húsa, en mikilvægt er að benda á tvö atriði í sambandi við hugsanlega endurgreiðslu vsk.

Hvað á að flokkast undir endurgreiðslu vsk. og hvað ekki. ?

Varmadæla er í eðli sínu nokkurskonar færiband sem flytur orku frá einum stað til annars. Rafmótor drífur þær rétt eins og færibandið en hagkvæmni þessara tækja felst í því að fyrir hverja orkueiningu sem mótörinn þarf til sín flytur varmadælan margfalt fleiri orkueiningar á milli staða. Nánar um þetta á www.varmavelar.is/docs/varmadaelur.pdf Þessi tæki þurfa með öðrum orðum öll að hafa aðgang að orku til að vinna úr, svo sem útilofti, vatni úr borholu eða volgru og enn einn möguleiki er að vinna orkuna úr sjónum.

Varmadæla sem sækir orkuna í útiloftið samanstendur af vélbúnaði úti og inni og hana er vandalaust að skilgreina gagnvart endurgreiðslu virðisaukaskatts. Hagkvæmstu varmadælurnar eru þær sem sækja orkuna í volgrur eða borholur. Í tilvikum þar sem vatns er von er betri kostur að bora holur og virkja með þeim kostnaði sem því fylgir fremur en að nota loftútfærsluna. **Mikilvægt er að kostnaður við borun og allan nauðsynlegan frágang borholu eða sjóveitu njóti endurgreiðslu vsk. á sama hátt og vélbúnaðurinn sem þarf til að fanga orkuna úr loftinu. Sá búnaður kostar líka mikla peninga. Endurgreiðslukerfið má með öðrum orðum ekki verka þannig að allra langlífustu og hagkvæmstu varmadæluausnirnar verði sniðgengnar vegna þess lakari kosturinn var ódýrari í uppsetningu.**

Fagkunnátta.

Varmadælur og allt sem uppsetningu þeirra og rekstri viðkemur krefst fagþekkingar á mörgum sviðum, td. kælitækni, rafmagnsfræði, hitunakerfum húsa o.fl. **Ástæða er til að leggja ríka áherslu á faglega þáttinn** og hafa muninn á fagmanni og sölumanni algjörlega á hreinu við úthlutun fjármuna úr sjóðum okkar allra.

Svíþjóð, 5 nóvember 2012

Alvarr ehf & Varmavélar ehf.

Friðfinnur K. Daniélsson
Verkfræðingur.

www.alvarr.is

www.varmavelar.is

